

Ár 2009, miðvikudaginn 4. nóvember kl. 11:40, er dómþing Dómstóls ÍSÍ háð á símatorgi Símans, 7557755, af Hilmari Gunnlaugssyni dómara.

Fyrir er tekið:  
Málið nr. 7/2009  
Vikingur, borðtennisdeild  
gegn  
Stjórn Borðtennissambands Íslands

Mættir eru í réttinn Pétur Ó. Stephensen f.h. kæranda og Snorri Páll Einarsson f.h. kærða.

Gögn málsins nr. 1-3 liggja frammi.

Lagt er fram:

Nr. 4 Endurrit af fundargerð stjórnar BTÍ, dags. 23. nóvember 2008.

Aðilar lýsa því yfir að gagnaöflun sé lokið. Fer þá fram munnlegur flutningur í málinu.

Fyrstur tekur til máls, Pétur Ó. Stephensen f.h. kæranda. Hann ítrekar þá kröfu sem gerð er í kæru, fer yfir málsatvik, ítrekar málsástæður og lagarök og leggur málið í dóm með fyrirvara. Þá tekur til máls Snorri Páll Einarsson f.h. kærða. Hann ítrekar þá kröfu BTÍ að ákvörðun aganefndar standi, fer yfir málsatvik, ítrekar málsástæður og lagarök og leggur málið í dóm með fyrirvara.

Þá tekur Pétur Ó. Stephensen aftur til máls, gerir stuttar athugasemdir og leggur málið í dóm.

Þá tekur Snorri Páll Einarsson aftur til máls, gerir stuttar athugasemdir og leggur málið í dóm.

Málið er tekið til dóms.

Er nú í réttinum kveðinn upp svofelldur dómur:

#### Dómsorð:

Úrskurður Aganefndar BTÍ frá 13. október 2009 þar sem Magnús K. Magnússon, Vikingi, var úrskurðaður í fjögurra vikna keppnisbann vegna atviks í Adidas móti Vikings, laugardaginn 10. október 2009, er felldur úr gildi.


Dómsorðið er lesið í heyranda hljóði.

Aðilum er kynntur réttur til að áfrýja máli þessu til Áfrýjunardómstóls ÍSÍ í gegn um skrifstofu ÍSÍ, að frestur til að áfrýja máli sé ein vika frá því að aðila var fyrst kunnugt um niðurstöðu máls. Er aðilum bent á kafla 4.3. í lögum ÍSÍ um áfrýjunardómstól ÍSÍ.

Dómþingi slitið

Hilmar Gunnlaugsson.

Með Íþróttakveðju



Pétur Ó. Stephensen, formaður borðtennisdeildar Vikings

Ár 2009, miðvikudaginn 4. nóvember kl. 11:40, er dómþing Dómstóls ÍSÍ háð á símatorgi Símans, 7557755, af Hilmar Gunnlaugssyni dómara.

Fyrir er tekið:  
Málið nr. 7/2009  
Vikingur, borðtennisdeild  
gegn  
Stjórn Borðtennissambands Íslands

Mættir eru í réttinn Pétur Ó. Stephensen f.h. kæranda og Snorri Páll Einarsson f.h. kærða.

Gögn málsins nr. 1-3 liggja frammi.

Lagt er fram:

Nr. 4 Endurrít af fundargerð stjórnar BTÍ, dags. 23. nóvember 2008.

Aðilar lýsa því yfir að gagnaöflun sé lokið. Fer þá fram munnlegur flutningur í málinu.

Fyrstur tekur til máls, Pétur Ó. Stephensen f.h. kæranda. Hann ítrekar þá kröfu sem gerð er í kæru, fer yfir málsatvik, ítrekar málsástæður og lagarök og leggur málið í dóm með fyrirvara. Þá tekur til máls Snorri Páll Einarsson f.h. kærða. Hann ítrekar þá kröfu BTÍ að ákvörðun aganefndar standi, fer yfir málsatvik, ítrekar málsástæður og lagarök og leggur málið í dóm með fyrirvara.

Þá tekur Pétur Ó. Stephensen aftur til máls, gerir stuttar athugasemdir og leggur málið í dóm.

Þá tekur Snorri Páll Einarsson aftur til máls, gerir stuttar athugasemdir og leggur málið í dóm.

Málið er tekið til dóms.

Er nú í réttinum kveðina upp svofelldur dómur:

#### Dómsorð:

Úrskurður Aganefndar BTÍ frá 13. október 2009 þar sem Magnús K. Magnússon, Vikingi, var úrskurðaður í fjögurra vikna keppnisbann vegna atviks í Adidasmóti Vikings, laugardaginn 10. október 2009, er felldur úr gildi.

Dómsorðið er lesið í heyranda hljóði.

Aðilum er kynntur réttur til að áfrýja máli þessu til Áfrýjunardómstóls ÍSÍ í gegn um skrifstofu ÍSÍ, að frestur til að áfrýja máli sé ein vika frá því að aðila var fyrst kunnugt um niðurstöðu máls. Er aðilum bent á kafla 4.3. í lögum ÍSÍ um áfrýjunardómstól ÍSÍ.

Dómþingi slitið

Hilmar Gunnlaugsson.

Stjórnan BTÍ  
Snorri Páll Einarsson  
Aðilar

Ár 2009, miðvikudaginn 4. nóvember, er dómsþing Dómstóls ÍSÍ háð á símatorgi Símans, 7557755, af Hilmari Gunnlaugssyni dómara.

Fyrir er tekið:  
Málið nr. 7/2009  
Vikingur, borðtennisdeild  
gegn  
Stjórn Borðtennissambands Íslands

Mættir eru í réttinn Pétur Ó. Stephensen f.h. kæranda og Snorri Páll Einarsson f.h. kærða.

Lagt er fram:

- Nr. 1 Kæra, árituð um móttöku þann 28. október 2009 af skrifstofu ÍSÍ
- Nr. 2 Greinargerð kærða.
- Nr. 3 Athugasemdir kærða.

Mættum er gerð grein fyrir því að dómari telji óþarft að leiða vitni fyrir réttinn vegna málsins. Aðilar eru samþykkir þessu og telja vitnaleiðslu óþarfa.

Aðilar lýsa því yfir að gagnaöflun sé lokið. Fer þá fram munnlegur flutningur í málinu.

Fyrstur tekur til máls, Pétur Ó. Stephensen f.h. kæranda. Hann ítrekar þá kröfu sem gerð er í kæru, fer yfir málsatvik, ítrekar málsástæður og lagarök og leggur málið í dóm með fyrirvara. Þá tekur til máls Snorri Páll Einarsson f.h. kærða. Hann ítrekar þá kröfu BTÍ að ákvörðun aganefndar standi, fer yfir málsatvik, ítrekar málsástæður og lagarök og leggur málið í dóm með fyrirvara.

Þá tekur Pétur Ó. Stephensen aftur til máls, gerir stuttar athugasemdir og leggur málið í dóm.

Þá tekur Snorri Páll Einarsson aftur til máls, gerir stuttar athugasemdir og leggur málið í dóm.

Ákveðið er að kærði leggi fram fundargerð af stjórnarfundum BTÍ þar sem stjórn tekur að sér störf aganefndar.

Boðað verður til dómsþings þegar skjalið er komið til dómara.

Fleira ekki gert, dómsþingi slitið. Endurrit er sent mættum í tölvupósti, sem skulu prenta það út, undirrita og senda dómara í faksið 580 7901.

Stj. Borðtennissamb. Ísland  
Snorri Páll Einarsson  
Formaður

Ár 2009, miðvikudaginn 4. nóvember, er dómþing Dómstóls ÍSÍ háð á símatorgi Símans, 7557755, af Hilmari Gunnlaugssyni dómara.

Fyrir er tekið:  
Málið nr. 7/2009  
Vikingur, borðtennisdeild  
gegn  
Stjórn Borðtennissambands Íslands

Mættir eru í réttinn Pétur Ó. Stephensen f.h. kæranda og Snorri Páll Einarsson f.h. kærða.

Lagt er fram:

- Nr. 1 Kæra, árituð um móttöku þann 28. október 2009 af skrifstofu ÍSÍ
- Nr. 2 Greinargerð kærða.
- Nr. 3 Athugasemdir kærða.

Mættum er gerð grein fyrir því að dómari telji óþarft að leiða vitni fyrir réttinn vegna málsins. Aðilar eru samþykkir þessu og telja vitnaleiðslu óþarfa.

Aðilar lýsa því yfir að gagnaðflun sé lokið. Fer þá fram munnlegur flutningur í málinu.

Fyrstur tekur til máls, Pétur Ó. Stephensen f.h. kæranda. Hann ítrekar þá kröfu sem gerð er í kæru, fer yfir málsatvik, ítrekar málsástæður og lagarök og leggur málið í dóm með fyrirvara. Þá tekur til máls Snorri Páll Einarsson f.h. kærða. Hann ítrekar þá kröfu BTÍ að ákvörðun aganefndar standi, fer yfir málsatvik, ítrekar málsástæður og lagarök og leggur málið í dóm með fyrirvara.


Þá tekur Pétur Ó. Stephensen aftur til máls, gerir stuttar athugasemdir og leggur málið í dóm. Þá tekur Snorri Páll Einarsson aftur til máls, gerir stuttar athugasemdir og leggur málið í dóm.

Ákveðið er að kærði leggi fram fundargerð af stjórnarfundi BTÍ þar sem stjórn tekur að sér störf aganefndar.

Boðað verður til dómþings þegar skjalið er komið til dómara.

Fleira ekki gert, dómþingi slitið. Endurrit er sent mættum í tölvupósti, sem skulu prenta það út, undirrita og senda dómara í faksið 580 7901.

Með borðtennis-kveðju



Pétur Ó. Stephensen, formaður borðtennisdeilda Víkings

Ár 2009, miðvikudaginn 4. nóvember, er dómþing Dómstóls ÍSÍ háð á símatorgi Símans, 7557755, af Hilmari Gunnlaugssyni dómara.

Fyrir er tekið:  
Málið nr. 7/2009  
Vikingur, borðtennisdeild  
gegn  
Stjórn Borðtennissambands Íslands

Mættir eru í réttinn Pétur Ó. Stephensen f.h. kæranda og Snorri Páll Einarsson f.h. kærða.

Lagt er fram:

- Nr. 1 Kæra, árituð um móttöku þann 28. október 2009 af skrifstofu ÍSÍ
- Nr. 2 Greinargerð kærða.
- Nr. 3 Athugasemdir kærða.

Mættum er gerð grein fyrir því að dómari telji óþarft að leiða vitni fyrir réttinn vegna málsins. Aðilar eru samþykkir þessu og telja vitnaleiðslu óþarfa.

Aðilar lýsa því yfir að gagnaöflun sé lokið. Fer þá fram munnlegur flutningur í málinu.


Fyrstur tekur til máls, Pétur Ó. Stephensen f.h. kæranda. Hann ítrekar þá kröfu sem gerð er í kærðu, fer yfir málsatvik, ítrekar málsástæður og lagarök og leggur málið í dóm með fyrirvara. Þá tekur til máls Snorri Páll Einarsson f.h. kærða. Hann ítrekar þá kröfu BTÍ að ákvörðun aganefndar standi, fer yfir málsatvik, ítrekar málsástæður og lagarök og leggur málið í dóm með fyrirvara.

Þá tekur Pétur Ó. Stephensen aftur til máls, gerir stuttar athugasemdir og leggur málið í dóm. Þá tekur Snorri Páll Einarsson aftur til máls, gerir stuttar athugasemdir og leggur málið í dóm.

Ákveðið er að kærði leggi fram fundargerð af stjórnarfundum BTÍ þar sem stjórn tekur að sér störf aganefndar.

Boðað verður til dómþings þegar skjalið er komið til dómara.

Fleira ekki gert, dómþingi slitið. Endurrit er sent mættum í tölvupósti, sem skulu prenta það út, undirrita og senda dómara í faksið 580 7901.



Ár 2009, miðvikudaginn 4. nóvember kl. 11:40, er dómþing Dómstóls ÍSÍ háð á símatorgi Símans, 7557755, af Hilmarí Gunnlaugssyni dómara.

Fyrir er tekið:  
Málið nr. 7/2009  
Vikingur, borðtennisdeild  
gegn  
Stjórn Borðtennissambands Íslands

Mættir eru í réttinn Pétur Ó. Stephensen f.h. kæranda og Snorri Páll Einarsson f.h. kærða.

Gögn málsins nr. 1-3 liggja frammi.

Lagt er fram:

Nr. 4 Endurrit af fundargerð stjórnar BTÍ, dags. 23. nóvember 2008.

Aðilar lýsa því yfir að gagnaöflun sé lokið. Fer þá fram munnlegur flutningur í málinu.

Fyrstur tekur til máls, Pétur Ó. Stephensen f.h. kæranda. Hann ítrekar þá kröfu sem gerð er í kæru, fer yfir málsatvik, ítrekar málsástæður og lagarök og leggur málið í dóm með fyrirvara. Þá tekur til máls Snorri Páll Einarsson f.h. kærða. Hann ítrekar þá kröfu BTÍ að ákvörðun aganefndar standi, fer yfir málsatvik, ítrekar málsástæður og lagarök og leggur málið í dóm með fyrirvara.

Þá tekur Pétur Ó. Stephensen aftur til máls, gerir stuttar athugasemdir og leggur málið í dóm.

Þá tekur Snorri Páll Einarsson aftur til máls, gerir stuttar athugasemdir og leggur málið í dóm.

Málið er tekið til dóms.

Er nú í réttinum kveðinn upp svofelldur dómur:


#### Dómsorð:

Úrskurður Aganefndar BTÍ frá 13. október 2009 þar sem Magnús K. Magnússon, Vikingi, var úrskurðaður í fjögurra vikna keppnisbann vegna atviks í Adidasmóti Vikings, laugardaginn 10. október 2009, er felldur úr gildi.

Dómsorðið er lesið í heyranda hljóði.

Aðilum er kynntur réttur til að áfrýja máli þessu til Áfrýjunardómstóls ÍSÍ í gegn um skrifstofu ÍSÍ, að frestur til að áfrýja máli sé ein vika frá því að aðila var fyrst kunnugt um niðurstöðu máls. Er aðilum bent á kafla 4.3. í lögum ÍSÍ um áfrýjunardómstól ÍSÍ.

Dómþingi slitið

  
Hilmar Gunnlaugsson.

Ár 2009, miðvikudaginn 4. nóvember, er dómþing Dómstóls ÍSÍ háð á símatorgi Símans, 7557755, af Hilmari Gunnlaugssyni dómara.

Fyrir er tekið:  
Málið nr. 7/2009  
Víkingur, borðtennisdeild  
gegn  
Stjórn Borðtennissambands Íslands

Gögn málsins merkt nr. 1-4 liggja frammi í réttinum. Mættir eru í réttinn Pétur Ó. Stephensen f.h. kæranda og Snorri Páll Einarsson f.h. kærða. Er nú í réttinum kveðinn upp svofelldur

#### DÓMUR:

##### I.

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu ÍSÍ 28. október sl. Kærandi er Víkingur, borðtennisdeild, kt. 660385-0379, Traðarlandi 1, 108 Reykjavík. Kærði er Stjórn Borðtennissambands Íslands, kt. 581273-0109, Engjavegi 6, 104 Reykjavík.

Málinu var úthlutað undirrituðum dómara í dómstól ÍSÍ sama dag. Með símbréfi sama dag var kærða gefinn frestur til mánudagsins 9. november til að skila greinargerð í málinu. Þann 4. nóvember var málið þingfest en kærði hafði skilað greinargerð þann 2. nóvember. Var málið dómtekið þann 4. nóvember.

Dómkröfur kæranda eru að úrskurður aganefndar BTÍ frá 13. október 2009 um 4ra vikna bann Magnúsar K. Magnússonar, Víkingi, frá keppni vegna atviks í Adidasmóti Víkings, laugardaginn 10. október 2009 verði felldur úr gildi.

Dómkröfur kærða eru að dómstóllinn hafni fram kominni kæru og sýkni kærða, þannig að hin kærða ákvörðun standi óhögguð.

##### II.

Aðilar eru sammála um málsatvik í öllum verulegum atvikum. Slagsmál hafi komið upp á milli keppenda í undanúrslitaleik í ofangreindu móti, þar sem annar leikmaðurinn hafi átt frumkvæði af beitingu líkamslegs afls. Skilja hafi þurft mennina upp en eftir mikla rekistefnu hafi dómari og yfirdómari ákveðið að aðhafast ekkert og halda leik áfram. Fékk hvorugur leikmannanna áminningu eða brottvísun.

Eftir mótið fékk kærði margar ábendingar um atvikið og hvatningu um að taka á málinu.

Í greinargerð sem kærði fékk frá dómara leiksins, Finni Hrafn Jónssyni, og liggur í gögnum málsins sagði meðal annars:

*Eftir að þriðju lotu lýkur og dómari er að skrifa niður stigin í lotunni brjótast út slagsmál á milli Magnúsar F. og Magnúsar K. Dómari sá ekki eða heyrði aðdraganda að slagsmálunum. Ljóst er þó að hann var mjög stuttur því dómara tókst ekki að klára að skrá stigin í lotunni áður en átökin brutust út. Þegar dómari sá að slagsmálin voru byrjuð mátti ekki á milli sjá hvor var áhugasamari um slagsmálin. Fast var tekist á en ekki var um bein hnefahögg að ræða. ... Ekki dugði minna en nokkrir menn til að ganga á milli til að fá þá til að hætta. ... Á meðan var farið yfir málið af dómara leiksins Finni H. Jónssyni, yfirdómara Árna Siemsen og mótsstjóra Pétri Stephensen. Finnur lýsti þeirri skoðun sinni að stöðva ætti leikinn. Fleiri viðstaddir tóku undir þá skoðun. Eftir eindregna áeggjan móttstjóra tók yfirdómari þá ákvörðun að láta leikinn halda áfram.*

Í greinargerð sem kærði fékk frá yfirdómara leiksins, Árna Siemsen, og liggur í gögnum málsins sagði meðal annars:

*Ég get alveg viðurkennt mistök mín að hafa ekki vikið Magnúsi K. úr mótinu, en Magnús F. var ekki saklaus að öðru leyti. Báðir leikmennirnir sáu mjög eftir þessu atviki og skildu sem vinir og léku síðustu lotuna í viðureigninni.*

Kærði kallaði leikmanninn Magnús K. Magnússon á sinn fund þann 12. október sl. og gerði honum þar grein fyrir því að þeir hefðu í hyggju að úrskurða hann í keppnisbann í 4 vikur.

### III.

Kærandi byggir mál sitt á reglugerð fyrir aganefnd BTÍ. Samkvæmt þeirri reglugerð skuli stjórn BTÍ skipa aganefnd og skuli hún vera skipuð þremur mönnum. Kærandi byggir á því að aganefnd hafi ekki verið skipuð með lögætum hætti.

Þá byggir kærandi á því að þar sem dómari hafi hvorki veitt umræddum leikmanni áminningu eða brottvísun, þá geti aganefnd ekki ákveðið keppnisbann. Er vísað til 4. gr. reglugerðar fyrir aganefnd BTÍ þessu til stuðnings.

Kærði byggir mál sitt á því að stjórn hafi á sínum fyrsta fundi skipað sjálfa sig aganefnd BTÍ. Þá byggir kærði á því að túlka hafi átt 4. gr. reglugerðar fyrir aganefnd BTÍ rúmt í ljósi alvarleika brotsins og þess að dómara viðurkenndu mistök að hafa ekki aðhafst eitthvað.

### IV.

Við þingfestingu málsins var bókað að aðilar væru sammála því mati dómara, að málið snerist um heimildir stjórnar BTÍ og aganefndar BTÍ, en ekki væri ágreiningur um málsatvik. Fór því fram munnlegur flutningur málsins. Að honum loknum var ákveðið að afla frekari gagna og málið síðan tekið fyrir aftur og dómtekið.

### V.

Ekki er deilt um málsatvik í máli þessu. Af 5. gr. reglugerðar fyrir aganefnd BTÍ leiðir að Dómstóll ÍSÍ endurskoðar ekki efnislega ákvörðun aganefndar BTÍ. Hins vegar getur dómstóllinn tekið til skoðunar hvort ákvörðun um agaviðurlög hafi verið tekin af þar til bæru stjórnvaldi innan Borðtennissambands Íslands og hvort slík ákvörðun hafi verið byggð á fullnægjandi heimildum.

Kærandi hefur byggt á því að ekki hafi verið til staðar aganefnd hjá BTÍ eða að sú aganefnd hafi verið ólöglega skipuð. Kærði byggir á því að stjórn hafi verið heimilt að skipa sjálfa sig sem aganefnd BTÍ og að það hafi verið gert á fundi stjórnar þann 23. nóvember 2008.

Samkvæmt 4. gr. laga BTÍ fer réttkjörin stjórn með vald sambandsins á milli Borðtennisþinga. Í 10. gr. laganna er starfssvið stjórnar BTÍ skilgreint í 9 stafliðum. Samkvæmt c lið skal stjórn semja leikreglur og reglugerðir fyrir borðtennis, skv. e lið skal stjórn líta eftir því að lög og reglugerðir BTÍ séu haldin og skv. f lið skal stjórn setja nauðsynleg bráðabirgðaákvæði.

Leggja verður til grundvallar að það sé ein af skyldum stjórnar BTÍ að tryggja virkni í hreyfingunni. Þá verður að leggja til grundvallar að stjórn hafi á fundi sínum þann 23. nóvember 2008 skipað þá fimm einstaklinga sem þá voru í stjórn í dómara- og aganefnd BTÍ. Þrátt fyrir að sú skipan samrýmist ekki ákvæðum reglugerðar fyrir aganefnd BTÍ verður að leggja til grundvallar að þar með hafi verið skipuð aganefnd hjá BTÍ sem hafi haft þær heimildir sem slíkri aganefnd eru veitt í lögum og reglum BTÍ. Verður því talið, að aganefnd BTÍ sé til staðar og að hana skipi þeim menn sem





komu að hinni kærðu ákvörðun. Verður því ekki fallist á kröfu kæranda hvað þetta varðar.

Ekki er vikið að aganefnd í lögum BTÍ. Í reglugerð fyrir aganefnd segir í 2. gr.:

*Aganefnd fjallar um og ákveður refsingu vegna agabrota borðtennismanna. Agabrot kallast brot á kafla 4.4.7. um hegðun leikmanna í reglum ITTF.*

Í 3. gr. reglugerðarinnar segir síðan: *Rétt til að aðvara leikmenn hafa landshlutadómarar í leikjum 1. deildar karla, í bikarkeppni BTÍ og yfirdómarar á punktamótum, héraðsmótum, flokkakeppni og öðrum mótum sem haldin eru í nafni BTÍ. Dómari skal tilkynna aganefnd skriflega um aðvaranir eða brottvisanir innan 3. sólarhringa frá atvikinu.*

Í 4. gr. reglugerðarinnar segir: *Leikmaður sem fengið hefur 3 formlegar aðvaranir (gul spjöld), eða brottvisun úr keppni (rautt spjald), vegna hegðunar sinnar á keppnistímabilinu skal sæta keppnisbanni í 4 vikur, sem gildir í flokkakeppni, bikarkeppni, í punktamótum og öðrum mótum sem haldin eru í nafni BTÍ. Ef um mjög alvarlegt brot er að ræða hefur aganefnd heimild til að framlengja keppnisbannið eins lengi og hún telur við hæfi. Keppnisbannið tekur gildi frá dagsetningu næstu keppni sem leikmaðurinn er gjaldgengur í, eftir að hann er dæmdur í keppnisbann. Leikmanni skal tilkynnt um bannið skriflega og skal leikmaður kvitta fyrir móttöku bréfsins.*

Af hálfu kæranda er á því að byggt að aganefnd sé óheimilt að úrskurða leikmann í keppnisbann, þegar dómari hefur ekkert aðhafst vegna atviks. Af hálfu kærða er byggt á því að aganefnd sé heimilt að túlka ákvæði reglugerðar fyrir aganefnd BTÍ rúmt þegar sannað þykir að alvarlegt atvik hafi átt sér stað, þó dómari hafi ekki tekið á því.

Dómurinn telur það grunnreglu í keppnisleikjum að ákvarðanir dómara skuli gilda. Frá þessari reglu eru ýmsar mikilvægar undantekningar. Þannig hefur verið talið heimilt að taka á atvikum sem dómari sá ekki, en teljast sönnuð og verðskulda agaviðurlög. Í því máli sem hér er til umfjöllunar er óumdeilt að dómari og yfirdómari afgreiddu málið á mótsstað, með þeirri ákvörðun að halda leik áfram og beita engum agaviðurlögum. Skiptir þar engu þó þessir aðilar hafi síðar viðurkennt að það hafi verið mistök.

Heimildir sérsambanda eða aganefnda til að breyta ákvörðunum dómara í kappleik verða að byggja á skýrri og ótvíræðri heimild. Sama gildir um heimildir til að ákveða leikmönnum eða félögum íþyngjandi viðurlög. Reglur Borðtennissambands Íslands eru um þetta efni knappar og verður sá óskýrleiki í þessu máli skýrður kæranda í hag. Stjórn Borðtennissambands Íslands getur með stoð í lögum sambandsins sett skýrari reglur og kynnt þær öllum til eftirbreytni. Telur dómstóllinn þannig að aganefnd BTÍ hafi ekki haft heimild til að taka ákvörðun um beitingu agaviðurlaga í því máli sem hér er til úrlausnar.

Er því fallist á kröfu kæranda um ógildingu á þeirri ákvörðun aganefndar BTÍ frá 13. október 2009 að úrskurða Magnús K. Magnússon Víkingi, í fjögurra vikna bann frá keppni.

#### **Dómsorð:**


Úrskurður Aganefndar BTÍ frá 13. október 2009 þar sem Magnús K. Magnússon, Víkingi, var úrskurðaður í fjögurra vikna keppnisbann vegna atviks í Adidas móti Víkings, laugardaginn 10. október 2009, er felldur úr gildi.



Dómsorðið er lesið í heyranda hljóði.

Aðilum er kynntur réttur til að áfrýja máli þessu til Áfrýjunardómstóls ÍSÍ í gegn um skrifstofu ÍSÍ, að frestur til að áfrýja máli sé ein vika frá því að aðila var fyrst kunnugt um niðurstöðu máls. Er aðilum bent á kafla 4.3. í lögum ÍSÍ um áfrýjunardómstól ÍSÍ.

Dómþingi slitið

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Hilmar Gunnlaugsson', written in a cursive style.

Hilmar Gunnlaugsson.

Til Dómstóls Íþróttá og Ólympíusambands Íslands  
Engjavegi 4,  
104 Reykjavík

---

Nú l. hefur fram  
í dómstól ISI  
4. nóv. 2009  
B

## KÆRA

### Kærandi:

Nafn	Víkingur, borðtennisdeild
Kennitala	660385-0379
Heimilisfang	Traðarlandi 1, 108 Rvk

### Fyrirsvarsmaður kæranda:

Nafn	Pétur Ó. Stephensen
Kennitala	220552-2849
Heimilisfang	Laugarásvegi 22, 104 Rvk
Sími	8940040

### Kærði:

Nafn	Stjórn Borðtennissambands Íslands
Kennitala	581273-0109
Heimilisfang	Engjavegi 6, 104 Rvk
Sími	8213258 (Snorri Páll formaður BTÍ)

## 2. Málavextir

Kærður er eftirfarandi úrskurður „aganefndar BTÍ“, sbr. eftirfarandi frétt sem birt var á vef BTÍ, [www.bordtennis.is](http://www.bordtennis.is), 13. október 2009:

13. október 2009

### Yfirlýsing frá Stjórn BTÍ

„Úrskurður Aganefndar BTÍ vegna agabrots á Adidas móti Víkings.


Reykjavík þann 13. október 2009

Aganefnd BTÍ hefur úrskurðað Magnús K. Magnússon, Víkingi, í 4 vikna bann frá keppni vegna atviks í Adidas móti Víkings, laugardaginn 10. október 2009 þar sem hann varð uppvis af óþróttamannslegri framkomu gagnvart mótherja sínum í undanúrslitaleik mótsins.

Bannið tekur gildi frá og með næsta móti skv. Mótaskrá BTÍ og bannið gildir í flokkakeppni, í punktamótum og öðrum mótum sem haldin eru í nafni BTÍ.

Það er mat aganefndar BTÍ að umrætt atvik hefði átt að kalla á mun sterkari viðbrögð frá yfirdómara mótsins en raunin varð. Aganefnd BTÍ kallaði eftir skýrslu frá yfirdómara mótsins þar sem greint var frá atburðarrás þeirri sem átti sér stað.

Aganefnd BTÍ lítur svo á að málinu sé þar með lokið. „



Borðtennisdeild Víkings gerir þær kröfur að krafist er ógildingar á framangreindum úrskurði. Auk þess er vegna hagsmuna kæranda óskað eftir flýtimeðferð málsins, m.a. með vísan í 28. gr. laga ÍSÍ. Hér verður gerð grein fyrir lagarökum og röksemdum, er fram koma í kæru þessari á hendur stjórn BTÍ.

## 3. Lagarök

Á vef BTÍ má finna reglugerð um aganefnd BTÍ, sem er frá árinu 1993.

### REGLUGERÐ FYRIR AGANEFND BTÍ

#### 1. grein

Aganefnd skal skipuð af stjórn BTÍ að loknu ársþingi ár hvert. Í aganefnd sitja 3 menn.

#### 2. grein

Aganefnd fjallar um og ákveður refsingu vegna agabrota borðtennismanna. Agabrot kallast brot á kafla 4.4.7. um hegðun leikmanna í reglum ITTF.

#### 3. grein

Rétt til að aðvara leikmenn hafa landshlutadómarar í leikjum 1. deildar karla, í bikarkeppni BTÍ og yfirdómarar á punktamótum, héraðsmótum, flokkakeppni og öðrum mótum sem haldin eru í nafni BTÍ. Dómari skal tilkynna aganefnd skriflega um aðvaranir eða brottvísarnir innan 3. sólarhringa frá atvikinu.

#### 4. grein

Leikmaður sem hefur fengið 3 formlegar aðvaranir (gul spjöld), eða brottvísun úr keppni (rautt spjald), vegna hegðunar sinnar á keppnistímabilinu skal sæta keppnisbanni í 4 vikur, sem gildir í flokkakeppni, bikarkeppni, í punktamótum og öðrum mótum sem haldin eru í nafni BTÍ. Ef um mjög alvarlegt brot er að ræða hefur aganefnd heimild til að framlengja keppnisbannið eins lengi og hún telur við hæfi. Keppnisbannið tekur gildi frá dagsetningu næstu keppni sem leikmaðurinn er gjaldgengur í, eftir að hann er dæmdur í keppnisbann. Leikmanni skal tilkynnt um bannið skriflega, skal leikmaður kvitta fyrir móttöku bréfsins.

#### 5. grein

Úrskurði aganefndar verður ekki áfrýjað.

## 6. grein

Reglugerð þessi er samþykkt á þingi BTÍ 6. júní 1993 og verður aðeins breytt á þingi BTÍ.

Stjórn BTÍ skipa: Snorri Páll Einarsson, formaður, Daði Freyr Guðmundsson, Jón Ingi Árnason og Ólafur Elí Magnússon.

Stjórn BTÍ hefur ekki skipað 3 menn í aganefnd, eins og hún skal gera að loknu ársþingi ár hvert, sbr. 1. gr. reglugerðar fyrir aganefnd BTÍ. Spurning er því hvort stjórnarmenn BTÍ séu vanhæfir til setu í aganefnd BTÍ, hafi þeir ekki verið skipaðir til þess og félögum í borðtennishreyfingunni tilkynnt um slíka ákvörðun.

Á fundi „aganefndar BTÍ“ þegar mál Magnúsar Kristins Magnússonar, Víkingi, var tekið fyrir, voru mættir fjórir stjórnarmenn, þrátt fyrir að í „aganefndinni“ eigi aðeins að sitja 3 menn, sbr. 1. gr. reglugerðar fyrir aganefnd BTÍ. Eftir umræðu var ákveðið með þremur atkvæðum gegn einu að úrskurða Magnús í 4 vikna bann frá keppni vegna óíþróttamannslegrar framkomu.

### Athygli vekur að:

1. Stjórn BTÍ hefur ekki sinnt skyldu sinni að skipa 3 menn í aganefnd BTÍ, sbr. 1. gr. reglugerðar BTÍ. Hafa stjórnarmenn BTÍ umboð til að sitja í aganefnd, hafi þeir ekki verið skipaðir til þess?
2. Ekki er tiltekið í úrskurðinum að „aganefnd“ var ekki samstíga í ákvörðun sinni.
  - 3 af 4 voru fylgjandi refsingu, þ.e. Snorri Páll, Jón Ingi og Ólafur Elí Magnússon.
  - Enginn þessara þrigga var viðstaddur framangreint borðtennismót. Þeir hafa því aldrei séð það atvik sem þeir úrskurðuðu um.
  - Daði Freyr taldi ástæðulaust að beita refsingum í þessu tilviki, og var sá eini í „aganefnd BTÍ“ sem sá það sem fram fór.
3. Ekki er tiltekið í úrskurði „aganefndar“ með hvaða hætti hegðun Magnúsar Kristins var óíþróttamannsleg.
  - Til upplýsinga: Ágreiningur kemur upp milli tveggja leikmanna í miðjum leik í undanúrslitum, þeirra Magnúsar Kristins Magnússonar og Magnúsar Finns Magnússonar, Víkingi. Þeir ákveða síðan að takast í hendur og ljúka leik og skildu sem vinir. Umræddur leikmaður, sem aganefndin dæmdi í bann, fékk hvorki gult né rautt spjald fyrir framgöngu sína, hvorki af dómara leiksins né yfirdómara.
  - Þar sem leikmaðurinn fékk ekkert spjald, eru ekki til reglur sem styðja úrskurð „aganefndar BTÍ“.
  - Hvorki dómari leiksins né yfirdómari mótsins gáfu spjald og ákvað yfirdómari að lokum að láta leikinn halda áfram eftir að Magnús K. og Magnús F. sættust og vildu fá að ljúka leik sínum.
  - Engin eftirmál urðu milli leikmanna og skildu þeir sáttir.
4. Daði Freyr Guðmundsson í stjórn BTÍ, keppti í mótinu og var sá eini í „aganefnd BTÍ“ sem sá hvað fram fór.
  - Daði taldi ekki ástæðu til að beita refsingum, sérstaklega í ljósi þess að hvorki dómari umrædds leiks og yfirdómari í mótinu töldu ástæðu til aðhafast, t.a.m. að gefa umræddum einstaklingum gul eða rauð spjöld.
  - Daði nefndi jafnframt að reglur aganefndar BTÍ séu frá árinu 1993, og ekkert komi fram í þeim sem geti réttlætt úrskurð meirihluta „aganefndar BTÍ“.
5. Í úrskurði „aganefndar BTÍ“ koma ekki fram tilvísanir í lög og reglur BTÍ.

- Í reglugerð aganefndar BTÍ, sem er frá á árinu 1993, er ekkert sem gefur til kynna að hægt sé að refsa leikmanni, hafi hann ekki áður fengið gul eða rauð spjöld, sbr. 4. gr. reglugerðar um aganefnd BTÍ.
6. Erfitt er að henda reiður á hvaða málgögn „aganefnd BTÍ“ hafði til stuðnings sínum úrskurði. **Gera verður kröfu til þess að öll málgögn sem lögð voru til grundvallar úrskurði „aganefndar BTÍ“ verði lögð fram. Samkvæmt reglugerð aganefndar BTÍ, 4. gr., getur nefndin aðeins úrskurðað á grundvelli skýrsla frá dómara um aðvaranir og brottvísanir.**
  7. Dómari í umræddum undanúrslitaleik var Finnur Jónsson KR. Yfirdómari var Árni Siemsen.
  8. Í úrskurði aganefndar BTÍ er vegið að yfirdómara mótsins, Árna Siemsen, þar sem kvartað er yfir að hann hafi ekki sýnt nægjanlega sterk viðbrögð við „umrætt atvik“. Athyglisvert, einkum í ljósi þess að meirihluti „aganefndar BTÍ“ hefur aldrei séð það sem meirihlutinn úrskurðaði um.

Stjórnarmaðurinn Daði Freyr Guðmundsson, fundaði með fulltrúum btd. Víkings eftir úrskurð stjórnar BTÍ 13. október 2009. Í framhaldi af þeim fundi sendi hann eftirfarandi póst til formanns BTÍ, Snorra Pál Einarsson:

*Þann 14/10 2009 00:21, skrifaði Dadi Freyr Gudmundsson <dadifreyr@hotmail.com> til formanns BTÍ:*  
*„Ég var boðaður á fund hjá Borðtennisdeild Víkings þar sem farið var yfir málin og var ég beðinn að koma þessu á framfæri. Voru menn sammála um að dómurinn væri of harður og ekki þar sáttir. Þar sem leikmaðurinn fékk ekkert spjald og engar reglur geta sagt til eða réttlætt dóminn. Hvorki dómari leiksins né yfirdómari mótsins gáfu spjald og ákvað yfirdómari að lokum að láta leikinn halda áfram eftir að Magnús K. og Magnús F. sættust og vildu fá að spila leikinn. Eftirmálin voru og eru engin né engin kali á milli þeirra.“*  
*„Einnig vilja menn leggja fram að Pétur Marteinn Tómasson hafi farið yfir strikið með því að kasta spaðanum sínum í gólfíð, sparkað í borð og sparkað í skómottu eftir tapleik sinn gegn Kára. Og urðu margir vitni af. Og eigi skilið rautt spjald sem varðar einnig bann í mánuð. **Og er það mismunun ef ekki er tekið á því.** Einnig með hann Kára Mímisson í KR með sín ósættanlegu öskur í leikjum sem eru bæði truflandi og ólögleg, sem varðar aðvörun eða gult spjald. Sama má segja um Magnús Finn Magnússon sem var með óþróttamannleg komment í miðjum leik og truflandi öskur, sem varðar aðvörun eða gult spjald.“*  
*„Það er svoldið erfitt að dæma eitthvað sem var ekki dæmt af yfirdómara né dómara leiksins og engar reglur segja til um að aganefnd geti tekið slíka ákvörðun.“*  
*„Kær kveðja*  
*Daði Freyr Guðmundsson“*

Svar berst síðan frá formanni BTÍ 16/10 2009:

**From:** Snorri Páll Einarsson [mailto:snorripall@bordtennis.is]  
**Sent:** 16. október 2009 12:01  
**To:** Pétur Stephensen  
**Cc:** jon.ingi.arnason@gmail.com; olieli@vortex.is; elvar@bordtennis.is; dadi@bordtennis.is; Dadi Freyr Gudmundsson  
**Subject:** Re: Áfrýjun á banni Magnúsar Kristins

Sæll Pétur

Við höfum nú farið yfir athugasemdir ykkar. Við teljum okkur ekki annað stætt en að standa við ákvörðun okkar varðandi umrætt atvik vegna alvarleika þess.

Ég bendi á að hægt er að kæra þessa ákvörðun aganefndar BTÍ til dómstóla ÍSÍ en eyðublað þar að lútandi er inni á heimasíðu ÍSÍ.

[http://isi.is/?ib\\_page=67&iw\\_language=is\\_IS](http://isi.is/?ib_page=67&iw_language=is_IS)

Kær kveðja,  
 Snorri Páll Einarsson  
 Formaður BTÍ

## 4. Röksemdir

Reglur aganefndar BTÍ eru 16 ára gamlar.

- Ekkert er í þeim sem vísar til þess að hægt sé að dæma leikmenn í bann, hafi þeir ekki fengið áður gult eða rautt spjald, þ.e. aðvaranir eða brottvísanir. Samkvæmt reglugerð aganefndar BTÍ, 4. gr., getur nefndin aðeins úrskurðað á grundvelli skýrslna frá dómara um aðvaranir eða brottvísanir.
- Engin fordæmi eru fyrir slíkum dómum í borðtennishreyfingunni enda hafa aðilar í stjórn BTÍ ekki áður hlutast til þess að úrskurða leikmenn í bann.
- Erfitt er að henda reiður á hvaða sjónarmið liggja að baki úrskurði aganefndar. Þeir aðilar sem ákváðu að dæma umræddan leikmann í bann sáu ekki það atvik sem þeir úrskurðuðu um og því er nauðsynlegt að kærði (BTÍ) leggi fram öll þau málgögn sem stuðst var við þegar ákvörðunin var tekin.
- Keppnisskap í einstaklingsíþróttum verður stundum mikið, það er oft einkennandi. Það að taka einn leikmann út úr og refsa án undangenginnar áminningar, en sleppa síðan öðrum fyrir tilvik jafnvel á sama móti, er mismunun sem verður ekki unað við.
- Getur stjórnvald innan BTÍ gengið þannig fram gagnvart leikmanni í hreyfingunni að úrskurða í bann frá keppni án þess að geta vísað í lög og reglur sem styðji slíka ákvörðun?

**Borðtennisdeild Víkings gerir þær kröfur að krafist er ógildingar á framangreindum úrskurði. Auk þess er vegna hagsmuna kæranda óskað eftir flýtimeðferð málsins, m.a. með vísan í 28. gr. laga ÍSÍ.**

## 5. Sönnunargögn

Sjá hér að framan.

## 6. Vitni:

nafn	Árni Siemsen, yfirdómari hjá BTÍ, s. 8625116/5575464
Kennitala	070250-4899
Heimilisfang	Orrahólum 5, 111 Reykjavík

nafn	Dadi Freyr Guðmundsson, stjórnarmaður í BTÍ, s. 8664849
Kennitala	090486-2339
Heimilisfang	Víkurbakka 16, 109 Reykjavík

nafn	Pétur Ó. Stephensen, formaður btd. Víkings
Kennitala	220552-2849
Heimilisfang	Laugarásvegi 22, 104 Reykjavík

Virðingarfyllst,  
F.h. btd. Víkings

Pétur Ó. Stephensen  
s. 8400040



Nr. 2. Legt fram í  
dómstól ISS  
þann 4. nóv. 2009

Borðtennissamband Íslands  
The Icelandic Table Tennis Association  
Íþróttamiðstöðinni Laugardal  
Engjavegi 6  
104 Reykjavík  
Fax: +354 514 4001

Member of:  
The Nordic Table Tennis Federation NTTF  
The European Table Tennis Union ETTU  
The International Table Tennis Federation ITTF

**Dómstóll Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands**  
**Engjavegi 6**  
**104 Reykjavík**

**Greinargerð Borðtennissambands Íslands vegna atburðar á Adidas-móti Víkings þann 10. október 2009**

Þann 10. október síðastliðinn fór fram Adidas-mót Víkings í borðtennis. Mótið fór fram í íþróttahúsi TBR.

Í undanúslitaleik í meistarafloki karla upphófust slagsmál milli tveggja keppenda þ.e. þeirra Magnúsar Kristins Magnússonar og Magnúsar Finns Magnússonar. Báðir eru þeir liðsmenn í Borðtennisdeild Víkings. Nokkurn tíma tók að stöðva slagsmálin milli þeirra og komu nokkrir aðilar inná leikvöllinn til skilja leikmennina í sundur. Dómari leiksisins Finnur Hrafn Jónsson, ráðfærði sig við yfirdómara mótsins Árna Siemsen og verður niðurstaðan að leiknum skuli haldið áfram og honum lokið.

Strax að loknu móti höfðu margir aðilar samband við stjórnarmenn BTÍ og furðuðu sig á að leikmenn hefðu komist upp með að slást á leikvöllinum og að hvorki dómari né yfirdómari hafi gefið rautt spjald og vísað leikmanni af mótinu eins og tíðkast þegar slík tilfelli koma upp. Þótti mörgum sem nú væri búið að fara langt yfir strikið í óíþróttamannlegri framkomu milli keppenda.

Formaður BTÍ hafði samband við stjórnarmenn í aðalstjórn.  
Samþykkt var að leita eftir samantekt frá dómara og yfirdómara leiksins.

Formaður BTÍ hefur samband við dómara umrædds leiks, Finn Hrafn Jónsson, á mánudag 12. október og biður hann um greinargerð vegna atburðanna og barst greinargerðin síðar sama dag. Finnur Hrafn hefur landsdómararéttindi í borðtennis.

Hér fer á eftir greinargerð frá Finni Hrafn Jónssyni:


**„Borðtennis handalögmál 10. október á Adidas móti í TBR - Samantekt FHJ 10. okt. 2009**

Magnús K. Magnússon og Magnús F. Magnússon spila undanúrslitaleik í meistaraflokki. Dómari Finnur H. Jónsson.

Til að byrja með allt í lagi, Magnús K vinnur tvær fyrstu lotur og síðan Magnús F eina. Í þremur fyrstu lotum gekk allt eðlilega fyrir sig. Báðir leikmenn hafa það til síðs að tala við sjálfa sig á meðan leik stendur og skamma sjálfa sig og hrósa eftir því sem við á. Í þessum þremur lotum var það ekkert meira eða minna en venjulega.

Eftir að þriðju lotu lýkur og dómari er að skrifa niður stiginn í lotunni brjótast út slagsmál á milli Magnúsar F. og Magnúsar K.





Borðtennissamband Íslands  
The Icelandic Table Tennis Association  
Íþróttamiðstöðinni Laugardal  
Engjavegi 6  
104 Reykjavík  
Fax: +354 514 4001

Member of:  
The Nordic Table Tennis Federation NTTF  
The European Table Tennis Union ETU  
The International Table Tennis Federation ITTF

Dómari sá ekki eða heyrði aðdraganda að slagsmálunum. Ljóst er þó að hann var mjög stuttur því dómara tókst ekki að klára að skrá stigin í lotunni áður en átökin brutust út.

Þegar dómari sá að slagsmál voru byrjuð mátti ekki á milli sjá hvor var áhugasamari um slagsmálin. Fast var tekist á en ekki var um bein hnefahögg að ræða. Átökin áttu sér stað úti í horni leiksvæðis þeim megin þar sem Magnús F. var, dómaramegin. Leiksvæðið er það leiksvæði sem best liggur við áhorfendum í TBR og er oftast notað fyrir úrslitaleiki.

Ekki dugði minna en nokkrir menn til að ganga á milli til að fá þá til að hætta. Að minnsta kosti einn af þeim (Bjarni Bjarnason) fékk pústur frá Magnúsi K. á meðan verið var að reyna að fá þá til að hætta. Enginn meiddist þó þannig að á sæist. Samkvæmt frásögn viðstaddra (Styrmis, Sigurðar Jónssonar o.fl.) sem fylgdust með frá upphafi var upphafið að átökunum að Magnús F. sagði að hann væri miklu betri en Magnús K. Magnús F. var þá nýbúinn að vinna lotu. Magnús K. gekk þá að Magnúsi F. og hóf átökin. Nákvæmlega hvernig var ég ekki vitni að.


Örfáum mínútum eftir átökin rann Magnúsi K. og Magnúsi F. reiðin og þeir tókust í hendur að eigin frumkvæði.

Á meðan var farið yfir málið af dómara leiksins Finni H. Jónssyni, yfirdómara Árna Siemsen og mótstjóra Pétri Stephensen. Finnur lýsti þeirri skoðun sinni að stöðva ætti leikinn. Fleiri viðstaddir tóku undir þá skoðun. Eftir eindregna áeggjan mótstjóra tók yfirdómari þá ákvörðun að láta leikinn halda áfram. Samantekt 10. október 2009 - Finnur Hrafn Jónsson“

Formaður BTÍ hefur samband við Yfirdómara mótsins Árna Siemsen, á mánudag 12. október og biður hann um greinargerð vegna atburða og barst greinargerðin síðar sama dag:

Hér á eftir fer greinargerð frá Árna Siemsen:

“Það er vel hugsanlegt, að einhver spenna hafi verið í leikmönnum á þessu fyrsta móti vetrarins. Þetta atvik sem þú vísar til var ekki það eina sem kom fyrir en þó var það auðvitað það alvarlegasta. Hér var um að ræða leik í undanúrslitum og staðan var 2-1 M.K. í vil þegar sauð uppúr á milli þeirra félaganna. Ég get ekki sagt, að ég hafi neitt sérstaklega fylgst með þessum leik, en hasarinn byrjaði mjög snögglega. Leikmennirnir sögðu mér seinna, að þeir hefðu verið að kýtast sín á milli allan leikinn sem dæmdur var af Finni H. Jónssyni úr KR.Ég get alveg viðurkennt mistök mín að hafa ekki vikið Magnúsi K. úr mótinu, en Magnús F. var ekki saklaus að öðru leyti. Báðir leikmennirnir sáu mjög eftir þessu atviki og skildu sem vinir og léku síðustu lotuna í viðureigninni. Sem betur fer hafur þessi staða ekki komið upp í íþrótt okkar í fjöldamörg ár og allar viðureignir verið nokkuð drengilegar þó svo að eflaust sé hægt að tilgreina ýmis atvik í deildakeppninni. Nú veit ég ekki hvað þið í stjórn BTÍ hyggist gera í málinu en mér vitanlega eru því miður engar



Borðtennissamband Íslands  
The Icelandic Table Tennis Association  
Íþróttamiðstöðinni Laugardal  
Engjavegi 6  
104 Reykjavík  
Fax: +354 514 4001

Member of:  
The Nordic Table Tennis Federation NTTF  
The European Table Tennis Union ETTU  
The International Table Tennis Federation ITTF

reglur til varðandi nánari úrvinnslu á svona  
uppákomum. Ég vil nota þetta tækifæri til að tilkynna stjórn

BTÍ svo og félögunum öllum, að ég er hér með hættur öllu dómarastarfi í  
borðtennis og verð því ekki yfirdómari á neinu móti í framtíðinni. Mér er slétt  
sama hvort þið túlkið þetta sem aumingjaskap af minni hálfu, en málið er  
einfaldlega það, að ég er búinn að fá meira en nóg og það fyrir löngu. Ég bendi  
ykkur á, að ég hef verið yfirdómari á vel yfir 90% allra móta sem haldin hafa  
verið mörg undanfarin ár og tími er til kominn að einhverjir aðrir taki við  
þessu verkefni. Það ætti ekki að vera neitt vandamál því það bættust mjög  
margir landsdómarar við eftir námskeiðið sem haldið var í febrúar s.l. Bestu  
kveðjur Árni Siemsen."

Eftir að stjórnarmenn höfðu farið yfir samantektir frá mótinu var ákveðið að kalla Magnús K.  
Magnússon á fund með stjórnarmönnum BTÍ. Magnús Kristinn mætti á skrifstofu BTÍ að  
kvöldi mánudagsins 12. október sl. og átti fund með, Snorra Páli Einarssyni, formanni, Jóni  
Inga Árnasyni, ritara og Daða Frey Guðmundssyni, gjaldkera. Farið var yfir málin og þau  
rædd. Magnús viðurkendi fyrir stjórnarmönnum BTÍ að brot hans hafi verið með þeim hætti  
að hann hafi upphafið slagsmál í umræddum leik og sagðist gera sér fulla grein fyrir  
alvarleika brotsins. Stjórnarmenn BTÍ upplýstu Magnús að stjórn borðtennissambandsins sem  
er um leið aganefnd sambandsins sjái sér ekki annað fært en að dæma hann í fjögurra vikna  
keppnisbann sem refsingu vegna brots hans í umræddum leik. Leikmaður lýsti því yfir að  
hann hafi skilning á því að refsa eigi fyrir brotið. Einnig var Magnúsi Kristni gerð grein fyrir  
að orðalag reglugerðar miðaðist við að gefið væri rautt spjald.

"Á það skal bent að á fyrsta fundi núverandi stjórnar Borðtennissambands Íslands var  
samþykkt að aðalmenn í stjórn Borðtennissambands Íslands skyldu jafnframt sitja í aganefnd  
sem og fleiri nefndum.  
Stjórn BTÍ /Aganefnd telur rétt að beita ákvæði skv. gr. 4 í agareglum BTÍ eins og leikmanni  
hafi verið vísað úr keppni en þar segir:

#### **"REGLUGERÐ FYRIR AGANEFND "**

**„4. grein:** Leikmaður sem hefur fengið 3 formlegar aðvaranir ( gul spjald), eða brottvísun úr keppni ( rautt spjald) vegna hegðunar sinnar á keppnistímabilinu skal sæta keppnisbanni (4 vikur, sem gildir í flokkakeppni, bikarkeppni, í punktamótum og öðrum mótum sem haldin eru í nafni BTÍ). Ef um mjög alvarlegt brot er að ræða hefur aganefnd heimild til að framlengja keppnisbannið eina lengi og hún telur við hæfi. Keppnisbannið tekur gildi frá dagsetningu næstu keppni sem leikmaðurinn er gjaldgengur í, eftir að hann er dæmdur í keppnisbann. Leikmanni skal tilkynnt um bannið skriflega skal leikmaður kvitta fyrir móttöku bréfsins.  
"

Stjórn Borðtennissambandsins lítur það alvarlegum augum ef leikmenn, þjálfarar og/eða áhorfendur láta óíþróttamannslega á opinberum mótum á vegum sambandsins. Stjórn BTÍ/aganefnd BTÍ telur sig því ekki eiga annars úrkosti en taka á þessu máli þó svo að fyrir lægi að formlega hefði yfirdómari og dómari leiksins ekki gefið rautt spjald. Ef brot af þessu tagi eru látin óáreitt eru meiri líkur á að svipuð atvik gætu komi upp síðar. Magnús K. Magnússon tók þessum umræðum vel og sagðist iðrast gjörða sinna.



Borðtennissamband Íslands  
The Icelandic Table Tennis Association  
Íþróttamiðstöðinni Laugardal  
Engjavegi 6  
104 Reykjavík  
Fax: +354 514 4001

Member of:  
The Nordic Table Tennis Federation NTTF  
The European Table Tennis Union ETTU  
The International Table Tennis Federation ITTF

Einnig er bent á að mótsstjóri Adidas-mótsins, virðist, skv. greinargerð dómara leiksins hafa hvatt yfirdómara til að ljúka leiknum. Ákvörðun um hvort ljúka eigi leik eða hætta strax er í höndum yfirdómara. Dómari leiksins hefði átt að gefa leikmanni eða leikmönnum spjöld. Slíkt aðgerðarleysi yfirdómara skapar fordæmi sem ekki á að eiga sér stað á íþróttum og veldur því að leikmenn telji sig geta komist upp með viðlíka hegðun á mótum til framtíðar.

Orðalag reglugerðar aganefndar BTÍ frá 1993 er þröngt og byggir á refsingum skv. úrskurði dómara eða yfirdómara móta. Það er hins vegar mat aganefndar/stjórnar BTÍ að túlka verði 4 gr. agareglna í víðari skilningi þegar um slík augljós agabrot er að ræða sem dómara taka ekki á.

Stjórn Borðtennissambandsins hefur tilnefnt þrjá einstaklinga sem voru á keppnisstað til að bera vitni.


Nafn: Finnur Hrafn Jónsson, s: 897 2276  
Kennitala: 310358-2079  
Heimilisfang: Engjaseli 87, 109 Reykjavík

Nafn: Bjarni Þorgeir Bjarnason, s: 863 1431, 554 1431  
Kennitala: 270167-3309  
Heimilisfang: Grenigrund 8, 200 Kópavogur

Nafn: Mímir Arnórsson, S: 520 2100, 896 2387  
Kennitala: 300848-4279  
Heimilisfang: Granaskjóli 54, 107 Reykjavík

Fh. stjórnar Borðtennissambands Íslands,

Snorri Páll Einarsson  
Formaður



Nr. 3. Lagt fram í Dómstól  
ÍSI þann 4. nóv. 2009

Borðtennissamband Íslands  
The Icelandic Table Tennis Association  
Íþróttamiðstöðinni Laugardal  
Engjavegi 6  
104 Reykjavík  
Fax: +354 514 4001

Member of:  
The Nordic Table Tennis Federation NTTF  
The European Table Tennis Union ETTU  
The International Table Tennis Federation ITTF

**Dómstóll Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands**  
**Engjavegi 6**  
**104 Reykjavík**

**Athugasemdir vegna kæru Víkings vegna leikbanns Magnúsar K. Greinargerð**  
**Borðtennissambands Íslands vegna atburðar á Adidas-móti Víkings þann 10.**  
**október 2009**

**Athugasemdir stjórnar BTÍ m.a. vegna rangfærsla í kæru Víkings eru hér að**  
**neðan í rauðu letri.**

Í kæru Víkings á hendur Borðtennissambands Íslands undir fyrirsögninni  
„Athygli vekur að:“, segir:

1. „Stjórn BTÍ hefur ekki sinnt skyldu sinni að skipa 3 menn í aganefnd BTÍ, sbr. 1. gr. reglugerðar BTÍ. Hafa stjórnarmenn BTÍ umboð til að sitja í aganefnd, hafi þeir ekki verið skipaðir til þess?“

Hér er rangt farið með. Stjórn BTÍ tók að sér nefndarstörf í aganefnd á fyrsta stjórnarfundum sínum.

2. „Ekki er tiltekið í úrskurðinum að „aganefnd“ var ekki samstíga í ákvörðun sinni.
  - 3 af 4 voru fylgjandi refsingu, þ.e. Snorri Páll, Jón Ingi og Ólafur Elí Magnússon.
  - Enginn þessara þriggja var viðstaddur framangreint borðtennismót. Þeir hafa því aldrei séð það atvik sem þeir úrskurðuðu um.
  - Daði Freyr taldi ástæðulaust að beita refsingum í þessu tilviki, og var sá eini í „aganefnd BTÍ“ sem sá það sem fram fór.“

Daði Freyr sat hjá við ákvörðun enda félagi í Borðtennisdeild Víkings og umræddur leikmaður eru bestu vinir að eigin sögn. Stjórn BTÍ, sem fyrir utan Daða Frey, skipa, Elvar Thorarensen, Jón Ingi Árnason, Ólafur Elí Magnússon og Snorri Páll Einarsson, formaður, voru einhuga í ákvörðun um að setja leikmanninn í leikbann.

Aganefnd er ekki ætlað að sækja öll mót á vegum BTÍ og er ætlað að úrskurða í agamálum og því athugasemd þar að lútandi óskiljanleg.



Borðtennissamband Íslands  
The Icelandic Table Tennis Association  
Íþróttamiðstöðinni Laugardal  
Engjavegi 6  
104 Reykjavík  
Fax: +354 514 4001

Member of:  
The Nordic Table Tennis Federation NTTF  
The European Table Tennis Union ETTU  
The International Table Tennis Federation ITTF

Kallað var eftir greinargerð frá yfirdómara, dómara leiksins ásamt fjölda skriflegra ábendinga frá gestum mótsins og leikmönnum.

3. *“Ekki er tiltekið í úrskurði „aganefndar“ með hvaða hætti hegðun Magnúsar Kristins var óíþróttamannsleg.*
- *Til upplýsinga: Ágreiningur kemur upp milli tveggja leikmanna í miðjum leik í undanúrslitum, þeirra Magnúsar Kristins Magnússonar og Magnúsar Finns Magnússonar, Víkingi. Þeir ákveða síðan að takast í hendur og ljúka leik og skildu sem vinir. Umræddur leikmaður, sem aganefndin dæmdi í bann, fékk hvorki gult né rautt spjald fyrir framgöngu sína, hvorki af dómara leiksins né yfirdómara.*
  - *Þar sem leikmaðurinn fékk ekkert spjald, eru ekki til reglur sem styðja úrskurð „aganefndar BTÍ“.*
  - *Hvorki dómari leiksins né yfirdómari mótsins gáfu spjald og ákvað yfirdómari að lokum að láta leikinn halda áfram eftir að Magnús K. og Magnús F. sættust og vildu fá að ljúka leik sínum.*
  - *Engin eftirmál urðu milli leikmanna og skildu þeir sáttir.”*


Atvikalýsing er í greinargerð um leikbann Magnúsar. Eftir að hafa farið yfir hegðun Magnúsar m.a. með honum sjálfum var ljóst með hvaða hætti hegðun hans var og taldi ekki þörf á því að tilgreina nákvæmlega með hvaða hætti hann var óíþróttamannslegur á vef BTÍ.

Magnús var kallaður á fund með aganefnd og farið var yfir málið með honum í smáatriðum. Á þessum fundi sætti hann sig við niðurstöðuna (4vikna bann), hann skoðaði hvaða leiki og mót hann myndi missa af.

Ekki er óeðlilegt að reiðin renni af leikmönnum og þeir takist í hendur, það réttlætir samt ekki brotið. Skv. greinargerð dómara leiksins virðist sem mótstjóri hafi haft áhrif á það að leiknum hafi verið haldið áfram. Mótsstjóri er formaður Víkings og um var að ræða leikmenn Víkings.

Í borðtennisreglum er skýrt tekið fram að það að ráðast á mótspilara þýðir frávisun úr leiknum og mótinu. Aganefnd taldi sig ekki geta dæmt umræddan leikmann í lengra bann vegna þess að hann fékk ekki rautt spjald en brotið er litið mjög alvarlegum augum og kallar í sjálfu sér á mun lengra bann.

5. *„Í úrskurði „aganefndar BTÍ“ koma ekki fram tilvísanir í lög og reglur BTÍ.*



Borðtennissamband Íslands  
The Icelandic Table Tennis Association  
Íþróttamiðstöðinni Laugardal  
Engjavegi 6  
104 Reykjavík  
Fax: +354 514 4001

Member of:  
The Nordic Table Tennis Federation NTF  
The European Table Tennis Union ETTU  
The International Table Tennis Federation ITTF

- *Í reglugerð aganefndar BTÍ, sem er frá á árinu 1993, er ekkert sem gefur til kynna að hægt sé að refsa leikmanni, hafi hann ekki áður fengið gul eða rauð spjöld, sbr. 4. gr. reglugerðar um aganefnd BTÍ.*

Þetta er rétt, en vegna alvarleika brotsins og greinargerðum frá dómara og yfirdómara, sem hefur viðurkennt mistök, þá taldi aganefnd ekki hægt að sleppa leikmanninum án refsingu. Hefði leikmaðurinn fengið rautt spjald eru líkur á að hann hefði fengið mun lengra bann.

8. *„Í úrskurði aganefndar BTÍ er vegið að yfirdómara mótsins, Árna Siemsen, þar sem kvartað er yfir að hann hafi ekki sýnt nægjanlega sterk viðbrögð við „umrætt atvik“. Athyglisvert, einkum í ljósi þess að meirihluti „aganefndar BTÍ“ hefur aldrei séð það sem meirihlutinn úrskurðaði um..“*

Í ljósi þess að yfirdómara urðu á mistök er gerð athugasemd við ákvörðun hans. Þetta viðurkennir Árni bæði skriflega og símleidis við Snorra Pál formann BTÍ. Hann tilkynnti stjórn BTÍ við sama tækifæri að hann væri hætur að dæma í borðtennis. Stjórn BTÍ telur að það verði mikill missir fyrir borðtennisíþróttina. Á engan hátt var gerð krafa um að Árni Siemsen hætti dómgæslu frá hendi stjórnar BTÍ og ekkert slíkt nokkurn tíma gefið í skyn gagnvart honum af stjórnarmönnum BTÍ. Hér er um sjálfstæða ákvörðun Árna Siemsen að ræða.

Vegna röksemda í kærú Víkings eru athugasemdir rauðletraðar hér að neðan:


#### **“4. Röksemdir”**

*“Reglur aganefndar BTÍ eru 16 ára gamlar.*

- *Ekkert er í þeim sem vísar til þess að hægt sé að dæma leikmenn í bann, hafi þeir ekki fengið áður gult eða rautt spjald, þ.e. aðvaranir eða brottvísanir. Samkvæmt reglugerð aganefndar BTÍ, 4. gr., getur nefndin aðeins úrskurðað á grundvelli skýrslna frá dómara um aðvaranir eða brottvísanir.”*

4.gr. agareglna kalla á víðtækari túlkun í þessu tilfalli.

- *“Engin fordæmi eru fyrir slíkum dómum í borðtennishreyfingunni enda hafa aðilar í stjórn BTÍ ekki áður hlutast til þess að úrskurða leikmenn í bann.”*



Borðtennissamband Íslands  
The Icelandic Table Tennis Association  
Íþróttamiðstöðinni Laugardal  
Engjavegi 6  
104 Reykjavík  
Fax: +354 514 4001

Member of:  
The Nordic Table Tennis Federation NTF  
The European Table Tennis Union ETTU  
The International Table Tennis Federation ITTF

Aganefnd er ekki kunnugt um fordæmi þess að leikmaður hefur ráðist á mótspilara sinn í miðjum leik. Þetta er fyrsta heila keppnistímabilið sem þessi stjórn situr og hefur frá upphafi haft að markmiði að taka mun harðar á agamálum en gert hefur verið þar sem því hefur verið verulega ábótavant. .

- *“Erfitt er að henda reiður á hvaða sjónarmið liggja að baki úrskurði aganefndar. Þeir aðilar sem ákváðu að dæma umræddan leikmann í bann sáu ekki það atvik sem þeir úrskurðuðu um og því er nauðsynlegt að kærði (BTÍ) leggi fram öll þau málgögn sem stuðst var við þegar ákvörðunin var tekin.”*

Helsu sjónarmið aganefndar eru skýrslur frá yfirdómara og dómar leiksins, svo hafa ótal margir leikmenn komið þeim skilaboðum til aganefndar að þeir séu tilbúnir að mæta sem vitni í þessu atviki. Öll gögn verða lögð fram.

- *“Keppnisskap í einstaklingsíþróttum verður stundum mikið, það er oft einkennandi. Það að taka einn leikmann út úr og refsa án undangenginnar áminningar, en sleppa síðan öðrum fyrir tilvik jafnvel á sama móti, er mismunun sem verður ekki unað við.”*

Umrætt brot verður ekki réttlætt með öðru broti. Ekki er hægt að fallast á þessi rök að mati stjórnar BTÍ.

- *“Getur stjórnvald innan BTÍ gengið þannig fram gagnvart leikmanni í hreyfingunni að úrskurða í bann frá keppni án þess að geta vísað í lög og reglur sem styðji slíka ákvörðun?”*

Líkamsárás er alvarlegur hlutur og það hlýtur að vera starf aganefndar að taka á þeim málum enda þekkist það ekki almennt í íþróttum að leikmenn komist upp með svo alvarleg brot.

Hvernig á að tryggja öryggi leikmanna ef það á að líta fram hjá alvarlegum fordæmisgildandi brotum. Það verður borðtennisíþróttinni aldrei til framdráttar.

Fh. stjórnar Borðtennissambands Íslands,

Snorri Páll Einarsson  
Formaður

## Hilmar Gunnlaugsson

---

**From:** Snorri Páll Einarsson [snorripall@bordtennis.is]  
**Sent:** 2. nóvember 2009 23:59  
**To:** 'Linda L. Jónsdóttir'  
**Cc:** 'Borðtennissamband Íslands'; hilmar@austurland.is; Hilmar Gunnlaugsson  
**Subject:** RE: Kæra Borðtennisdeildar Víkings - Greinargerð  
**Attachments:** athsemdir v kæru v MKM \_BTI.pdf; greinargerð BTI v MKM 10okt09.pdf

Sæl Linda

Meðfylgjandi er greinargerð BTÍ vegna umræddrar kæru Víkings ásamt fylgiskjali með athugasemdum. Ég sendi afrit á Hilmar Gunnlaugsson einnig þar sem vonast er eftir flýtimeðferð málsins og að gögnin komist sem fyrst til skila til dómara.

Með bestu kveðju,

Snorri Páll Einarsson  
Formaður  
Borðtennissamband Íslands -BTÍ  
Engjavegur 6  
104 Reykjavík  
Íceland

email: snorripall@bordtennis.is - website: www.bordtennis.is  
GSM: 821 3258

---

**From:** Linda L. Jónsdóttir [mailto:linda@isi.is]  
**Sent:** 28. október 2009 14:47  
**To:** Borðtennissamband Íslands; snorripall@bordtennis.is  
**Subject:** Kæra Borðtennisdeildar Víkings - Greinargerð  
**Importance:** High

Sæll Snorri

Meðfylgjandi er kæra frá borðtennideild Víkings ásamt bréfi frá Hilmar Gunnlaugssyni Dómstól ÍSÍ, varðandi skil á greinargerð.

Greinargerðinni skal skila **9. nóvember fyrir 16:30**.

Vinsamlegast staðfestu að þú hafir fengið þennann póst.

Kv.  
Linda



V/ kæra Vikings til Dómstóls ÍSÍ



Bt. Hilmar Gunnarsson

TAX: 5807901

1. Stjórnarfundur BTÍ, sunnudaginn 23. Nóv 2008

Fundurinn var haldinn á Engjavegi 6, Reykjavík, Fundarherbergi A

**Mæting:** Snorri Páll Einarsson, Jón Ingi Arnason, Hlöðver Þorsteinsson, Kristján Rafn Hjartarson, Ólafur Elí Magnússon, Björgvín Danielsson, Daði Freyr Guðmundsson og Tryggvi Áki Pétursson. Einnig sátu Björn Brynjar Jónsson og Örn Andrésson fundinn tímabundið (tveir úr fráfarandi stjórn BTÍ).

Nr. 4. Lagt fram  
Dómstól ÍSÍ þó  
4. nóv 2008

1. Hlutverk stjórnar – farið yfir hlutverk stjórnarinnar
2. Hlutverk varamanna í stjórn – farið yfir hlutverk varamanna og hvað þeir þurfa að hafa í huga.
3. Verkaskipting stjórnar – skipun í embætti

Tillaga formanns:

Gjaldkeri Daði Freyr  
Varaform. Helgi Þór  
Ritari Jón Ingi  
Meðstj. Óli Elí

**Samþykkt samhljóða.**

4. Útistandandi verkefni – **upplýsingar frá fráfarandi stjórn**

Fráfarandi stjórn mætti á fundinn til að gera grein fyrir ýmsum útistandandi málum og gaf nýskipaðri stjórn góð ráð í veganesti fyrir komandi tímabil. Meðal þess sem var rætt var staða á tækjum og tólum á skrifstofu, aðgangsvenjur, bókhald og bankareikningar, búningamál og aðrar eignir sambandsins. Mælt var með að haft yrði samband við Sigurð V Sverrisson og Kristján Jónasson og þeirra aðstoð óskað við upplýsingar um bókhald og fjárreiður.

Önnur málefni og ráðgefandi veganesti til nýrrar stjórnar

Styrkleikaforritið: Björn Brynjar kom að því og gaf upplýsingar um forritið.

Örn: Fjárhagsáætlun er ekki fullkomin og unnin á skömmum tíma. Athuga alla kostnaðarliði með tilliti til aðstæðna. Óljóst verður með styrki frá ríkinu. Ekki kominn nýr samningur (til 4 ára). Guðmundur Steph. var á C styrk hjá ÍSÍ.

Í gegnum ólympíufjölskylduna eru óljós fjármál og á eftir að gagna frá samningum.

Afreksstyrkir: það þarf að sækja um og fylgja eftir og skila skýrslum

Ferðastyrkur til ÍBR hefur ekki verið sóttur

Mótsgjöld eru lág að mati Arnar, ná ekki yfir kostnað.

Taka frekar á móti hópum erlendis frá meðan staðan er svona í efnahagsmálum.

**Aðalstjórn og varastjórn halda fundi áfram**

5. Reglur sambandsins – Aukabætur fyrir 31. Jan '09

Lögð var áhersla á að klára yrði öll aðkallandi reglugerðarmál fyrir 31. Janúar 2009 en þá skal í síðasta lagi haldið aukabætur þar sem helstu reglugerðarbreytingar verða lagðar fram.

Reglubreytingar fara fyrir „Laga- og reglunefnd“ sem mun taka til starfa eins fljótt og auðið er. Næsti fundur stjórnar mun fjalla um þessi málefni og framgang þeirra.



6. Tillögur að nefndum og skipan þeirra.

Dómara- og Aganefnd

Aðalstjórn BTÍ mun skipa þessa nefnd og annast verkefni hennar.  
Snorri Páll leiðir Dómara- og aganefnd.

Mótanefnd

Eftirfarandi aðilar buðu sig fram í mótanefnd og voru skipaðir:  
Jón Ingi, Óli Elí, Daði Freyr og Tryggvi Áki.  
Jón Ingi leiðir mótanefnd.

Landsliðsnefnd

Ákveðið var að fresta umræðum og skipun í Landsliðsnefnd til næsta fundar..

Laga- og reglunefnd

Aðalstjórn BTÍ mun skipa þessa nefnd og annast verkefni hennar.  
Snorri Páll leiðir laga- og reglunefnd.  
Mikil verkefni eru framundan og lögð áhersla á að vega og meta þau atriði sem æskilegt er að leita áhlits við hjá borðtennis-deildum.

Útbreiðslunefnd

Einhugur var um að það þurfi að gera mikið átak í þessum málum og að útbreiðsla íþróttarinnar eigi að vera eitt af forgangsverkefnum stjórnar BTÍ.  
Eftirfarandi aðilar buðu sig fram í útbreiðslunefnd og voru skipaðir:  
Hlöðver Þ., Björgvin og Sigurður V. Sverrisson  
Hlöðver leiðir útbreiðslunefnd.

7. Stefnumótun

Góðar umræður áttu sér stað varðandi hvaða stefnu ný stjórn á að taka og komu upp ýmsar hugmyndir. Fundarmenn voru allir sammála um að megináhersla skyldi lögð á undirstöðurnar og styrkingu þeirra, fjölga í þróttinni. Einnig að nýta eigi erfiða fjárhagstíma í uppbyggingarvinnu eins og kostur er og að íhuga vandlega á hvaða alþjóðleg mót skal stefna á. Reglur þurfa einnig að vera skýrar og þörf er á að skerpa vel á þeim.

8. Mótamál

Rætt um hvort æskilegt væri að halda Íslandsmót í Laugardalshöll  
Rætt var um hvernig mót eru haldin og hvernig menn sjá fyrir sér stefnu í þeim málum.  
Fyrirkomulag 1. og 2. Deildarkeppninnar þurfi að skoða m.t.t. þess að gera skilvirkari.  
Dómaramál þarf að bæta á mótum.

9. Uppbyggingarstarf

Ræddar voru ýmsar hugmyndir varðandi hvernig best er að taka á uppbyggingarmálum. Það þarf að fá borðtennisdeildirnar með okkur í lið í þeim málum. BTÍ þarf að setja fram áætlun um hvernig koma eigi að því.

10. Önnur mál

Landsliðsmál – (þjálfarar, ferðir og æfingar). Gera þarf átak í stefnu BTÍ varðandi Landsliðsmál.



Refsingar vegna agavandamála. Fara þarf yfir reglur sem lúta að refsingum vegna agabrota og hvort þær séu nógu skilmerkilegar til að hægt sé að fara eftir þeim. Áhyggjum var lýst á því hversu dómaraleysi íþróttarinnar gæti valdið því að ekki sé tekið á þessu sem skildi.

Rætt var um hvort varamenn megi sitja fundi stjórnar sem áheyrnarfulltrúar. Enginn sá neina vankanta á því.

Næsti fundur ákveðinn að Engjavegi 6, sunnudaginn 30 nóv. kl. 17-19

Staðfest afrit af fundargerð  
Stjórnar BTÍ þann 23. nóv. 2008

Ap. Stjórnar BTÍ  
Hannibal Arnarsson  
Lennardur

Borðtennissamband Íslands

http://bordtennis.is/default.asp?id=1&view=Archive=1

File Edit View Favorites Tools Help

Favorites Borðtennissamban... Borðtennissam... X

Home Page Safety Tools

Íslenzka

17. nóvember 2008

**Fyrsta fundargerð nýrrar stjórnar BTÍ**

Nýkjörin stjórn BTÍ hefur ákveðið að birta fundargerðir sínar á vef sambandsins. Fyrsti fundur stjórnarinnar var haldinn 23. nóvember og fylgir fundargerð frá fundinum með sem viðhengi.

STJ\_2008-11-23\_Stjornarfundur

**ÁMU**

17. nóvember 2008

**Zhang Jike og Wen Jia nýir kínverskir meistarar í einliðaleik**

Zhang Jike sigraði í einliðaleik karla á kínverska meistaramóttöfnu í borðtennis, sem fram fór um síðustu helgi. Hinn tvítugi Zhang sigraði Ólympíumeistarann, Ma Lin, í 8 liða úrslitum, helmsmeistarann í einliðaleik, Wang Liqin, í undanúrslitum og efsta mann helmslistans, Wang Hao, í úrslitaleik. Zhong er nr. 49 á helmslistanum.

Í kvennaflokk fól helmsmeistarinn í einliðaleik, Guo Yue, út í 8 manna úrslitum og Wen Jia stóð uppl sem kínverskur meistar. Hún er líka ung að árum og er aðeins nr. 90 á helmslistanum. Það verður forvitnilegt að fylgjast með þessum unga fólki í framtíðinni.

**ÁMU**

17. nóvember 2008

**Yport sigraði Montpellier 4-0 á þriðjudaginn**

Yport, lið Guðmundar Stephensen, sigraði Montpellier 4-0 í frönsku B-deildinni í borðtennis á þriðjudaginn. Guðmundur vann báða sína leiki 3-0. Fyrst sigraði hann Lennart Wehking (nr. 343 á helmslistanum) og síðan Julian Meinle. Næsti leikur Yport er við Metz 2. desember.

Internet | Protected Mode: Off 100%

Fundargerð birt á vef  
BTÍ 28. nóv. 2008